

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1034

Dagsetning: 13. ágúst 2024 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Anna Sigríður Vernharðsdóttir (ASV), Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir (GUP), Helgi Þorsteinsson (HP), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Sigurborg Jónsdóttir (SJ) og Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 2. júlí 2024 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

3. Geðlæknaráðgjöf Domus

Rætt um ráðgjöf geðlækna á Heilbrigðisskoðun innflytjenda. Málið verður rætt áfram með yfirlæknum geðheilsuteyma HH.

4. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál.

5. Fjárhagsyfirlit

Kynntar breytingar á millifærslum í bókhaldi HH og tillaga að nýjum fjárhagsyfirlitum. Markmiðið með breytingunum er að gefa sem besta mynd af fjárhagslegri stöðu eininga mánaðarlega. Framkvæmdastjórn tók vel í tillöguna og verður hún kynnt stjórnendum á fundi svæðisstjóra í lok ágúst.

6. Dagskrá stjórnendafunda

Farið var yfir tillögu að dagskrá stjórnendafunda á komandi vetri og hún samþykkt.

7. Vísindanefnd HH

Rætt var um breytingar á Vísindanefnd HH. Ákveðið var að skipa Önnu Bryndísi Blöndal formann nefndarinnar frá 15. ágúst 2024. Framkvæmdastjórn fól nýjum formanni að fara yfir skipulag, verklag og verkferla nefndarinnar.

8. Erindi frá heilbrigðisráðuneyti

Rætt var um erindi frá heilbrigðisráðuneytinu um Upplýsingamiðstöð HH og farið yfir lokadrög að svari. Drögin voru samþykkt og verða send ráðuneytinu að fundi loknum.

9. Geðheilbrigðisþjónusta HH

Farið var yfir stöðu mála á síðasta fundi GUP sem framkvæmdastjóra geðheilbrigðisþjónustu hjá HH. Ráða þarf í stöðu leiðtoga sálfræðiþjónustu fullorðinna en tímabundin ráðning leiðtoga rann út í sumar. Þá hefur leiðtogi sálfræðiþjónustu barna fengið árs leyfi til að sinna starfi sérfræðings á skrifstofu forstjóra HH þar sem hún mun sinna uppbyggingu þjónustu við einstaklinga með einhverfu og taugaproskaraskanir. Því þarf að ráða tímabundið í stöðu hennar.

Aðgerðir og verkefni

- Formgera þarf breytingar á millifærslum í bókhaldi og ný fjárhagsyfirlit og kynna fyrir stjórnendum starfseininga, sjá lið 5.
Ábyrgð: HP
- Koma þarf dagskrá stjórnendafunda á framfæri innan HH, sjá lið 6.
Ábyrgð: RÓE
- Senda þarf heilbrigðisráðuneytinu svar vegna fyrirspurnar, sjá lið 8.
Ábyrgð: SDM

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:00